

132. löggjafarþing 2005-2006.
Þskj.842 - 580. mál.

Fyrirspurn

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun laga um málefni aldraðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Munnlegt svar.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður spyr hvort fyrirhugað sé að endurskoða lög um málefni aldraðra.

Núgildandi lög um málefni aldraðra voru endurskoðuð í heild á árinu 1999 sem var ár aldraðra hjá Sameinuðu þjóðunum. Leitað var eftir tillögum samstarfsnefndar um málefni aldraðra um breytingar og byggja lögin á þeim tillögum. Lögin tóku gildi 11. janúar árið 2000.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá gildistöku laganna og má t.d. nefna breytingar í framhaldi af samkomulagi við Landssamband eldri borgara í lok ársins 2002. Þær breytingar voru samþykktar á vorþingi 2004. Með þeim var Framkvæmdasjóði aldraðra heimilað að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Einnig var heimiluð greiðsla húsnæðisgjalds en því gjaldi er ætlað að standa undir almennu viðhaldi öldrunarheimila.

Í samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Landssamband eldri borgara hafa ýmsir þættir er snerta málefni aldraðra verið ræddir og hefur það samstarf farið fram í nefndum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Nú er starfandi nefnd á vegum forsætisráðherra sem hefur það hlutverk að fjalla annars vegar um búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu og hins vegar um fyrirkomulag tekjutenginga á bótum almannatrygginga. Mér þykir rétt að biðja eftir niðurstöðum þeirrar nefndar áður en tekin er ákvörðun um heildarendurskoðun á lögum um málefni aldraðra.

Herra forseti.

Brýnasta viðfangsefnið er að veita öldruðum þjónustu og er hægt að gera það innan núgildandi lagaramma. Þá er rétt að biðja eftir niðurstöðum fyrrgreindrar nefndar forsætisráðherra áður en frekar er haldið í þessu efni.

(Talað orð gildir)